

# Golfgarður PGA og GSÍ

Snag Golf verkefnið mitt gengur útá að auka áhuga og fjölga iðkendum yngri kynslóðarinnar í golfi og tel ég að Snag Golf sé mjög góð og skemmtileg leið til þess, sértstaklega vegna þess hversu einfalt það er. En svona garður myndi innihalda æfingarsvæði með mörgum mismunandi skotmörkum og 9 holu velli. En það er kannski best að ég útskýri hvað Snag Golf í raun og veru er.

## **Hvað er Snag Golf**

Snag Golf var fundið upp af tveim fyrirverandi PGA Tour spilurum og núverandi golfkennurum, Terry Anton og Wally Armstrong. Þeim langaði að þróa auðveldari aðferð fyrir börn og unglunga til að kynnast golfíþróttinni í fyrsta skipti. “Snag” stendur fyrir “Starting New at Golf” og er öðruvísi útfærsla á golfi en samt alls ekki svo ólíkt. Þó að þetta sé aðalega fundið upp til að auka áhuga barna á golfi þá geta fullorðnir og einnig fatlaðir einnig leikið Snag Golf.

Fyrsta verkefni þeirra Terry og Wally var einmitt að kenna 12 blindum krökkum golf með Snag Golf. Þeir áttuðu sig á því að þeir gætu ekki notað orð eins og horfa, sjá eða skoða og að krakkarnir þyrftu að njóta hljóð og snertingu til þess að læra. Það kom þeim félögum á óvart hversu auðvelt krakkarnir áttu með að slá boltann og þeir áttuðu sig strax á því að ef þessir 12 blindu krakkar gætu lært golf með þessari aðferð þá gætu allir það, óháð aldri, kyni eða fötlun.

Í Snag Golfi eru notaðar 2 kylfur kallaðar Launcher(kylfa) og Roller(púttar,) bolti sem er alveg eins og tennisbolti, nema aðeins minni og hola sem er kölluð Flagsticky og er í raun og veru ekki hola heldur “target” sem boltinn límist við þegar við hittum það, og svo hringjum, sem líkjast húllahringjum, þá notum við sem teiga. Við sláum af gúmmítíi sem er fast á lítilli mottu sem við tökum með okkur um völlinn, við sláum sem sagt alltaf af þessari mottu nema þegar við erum inná flötini, sem er í raun kallað „stutta svæðið“ eða „short stuff“, og er hún mynduð með keilum, böndum, krít eða kalki allt eftir því sem hentar best við þær aðstæður sem spilað er við. Inná stutta svæðinu notum við sem sagt Roller kylfinu til þess að klára holuna og er hægt að spila högggleik eða “sticky” sem er í raun holukeppni og er þá spilað um svokallað “sticky”.



## Hvernig virka áhöldin sem notuð eru í Snag?

Launcher er kylfan sem notuð er til að slá, pitcha, og chippa. Þessar kylfur eru úr hörðu plasti en ekki stáli eins og venjulegar golfkylfur og er því ekki eins skaðlegar ef að slys gerast. Kylfuhousinn er stærri en venjulegur kylfuhous og er þar af leiðandi auðvelt að slá með þessum kylfum. Alltaf er slegið af upptíðri mottu, sem kylfingarnir taka með sér, til þess að fá alltaf eins góða legu og mögulegt er. Þessar kylfur er hægt að fá fyrir aldursflokkana 5-7 ára, 8-10 ára og 11 ára og eldri. Þær eru einnig fánlegar fyrir réttthenta og örvhenta.

Roller er kylfan sem er notuð til að pútta á á flötini eða “stutta svæðinu” eins og það er kallað. Ekki er slegið af upptíðri mottu vegna þess að boltinn á að rúlla. Rollerinn er fánlegur í sömu stærðarflokkum og Launcher.

Snag boltinn er í raun smækkuð útgáfa af tennisbolta. Eiginlega mitt á milli tennisbolta og golfbolta og er því mikið auðveldara að hitta boltann heldur en venjulega golfbolta. Og þar sem boltinn er eins og tennisbolti þá límist hann örugglega við targetin þegar við hittum þau þar sem þau eru öll með franska rennilása.

Flagsticky eða Sticky eins og það er oftast kallað er targetið sem við spilum á. Þetta er vatnsfylltur dúnkur með flaggi þannig að hægt sé að spila utandyra þó að hvasst sé. Sticky er með frönskum rennilás svo boltinn festist við þegar við hittum Sticky-inn.

Upptíða mottan er lítil og létt gúmmímotta með gúmmítíi sem við tökum með okkur um völlinn þegar við spilum og fáum þannig alltaf bestu mögulegu legu þegar við sláum. 😊 Sem gerir leikinn bara skemmtilegri. 😊

Svo eru til hin ýmsu target sem notuð eru til æfinga. Hægt er að setja upp æfingarsvæði þar sem krakkarnir æfa sig áður en þau fara út á völlinn og spila. En það er einmitt helsti kosturinn við Snag Golf. Það eru í raun engin takmörk fyrir því hvar hægt sé að spila, Íþróttarsölum, tennisvöllum, sparkvöllum, golfæfingarsvæðum eða bara úti á næsta túni. Einnig er hægt að skrá niður

skorin á sérstakt skorkort sem Snag Golf hefur útbúið og er fánlegt á netinu í prentformi og mun það vafalaust gera leikinn skemmtilegri fyrir krakkana.



## Snag Golfgarðurinn

Snag Golfgarðurinn sé ég fyrir mér sem færanlegan garð enda er ekkert mál að setja upp æfingarsvæði og völlinn og tekur enga stund og myndi ég vilja flakka á milli bæjarfélaga og fá að setja upp garðinn helst við skólana að sumri til og ef vel gengur að fá þá leyfi til þess að heimsækja krakka á skólatíma að vetri til og setja upp Garðinn í íþróttarsölum skólana og börnum byðist þá að koma og prófa að spila. Helst þá á íþróttarvöllum skólana eða á stór tún ef það er í boði og aðstæður leyfa.


Það á alveg eftir að semja við bæjarfélög um þetta en þetta verkefni er fyrst og fremst hugmynd sem hægt væri, ef áhugi væri fyrir hendi innann GSÍ, PGA Iceland eða golfklúbba, að hrynna í framkvæmd. Í raun gengur hugmynd mín útá það að Golfgarðurinn yrði sameiginlegt verkefni GSÍ og PGA á Íslandi og jafnvel golfklúbba, hafi þeir áhuga á að vera með. Enda er þetta langtíma fjárfesting fyrir alla aðila. Þar sem að þetta gæti (og mun gera að mínu mati) stuðlað að aukningu kyllinga í framtíðini.

GSÍ (eða klúbbarnir sem hefðu áhuga að taka þátt) myndi sjá um að kaupa búnaðinn, semja við bæjarfélög eða skóla um staðsetningar og auglýsa

viðburðina en PGA myndi sjá um að útvega leiðbeinendur, sem gætu þá verið golfkennaranemar PGA golfkennaraskólann. Nemarnir myndu þá vera 2-3 saman í hvert skipti og þá vonandi undir eftirliti golfkennara skólans sem myndu þá nota tækifærið til að veita og meta færni nemandana og þannig vonandi aukið gæði kennslunar í skólanum.

Garðurinn yrði sem sagt opinn 4 sinnum yfir sumarið og myndu nemendur skólans skipta dagsetningunum á milli sín og yrði sem sagt farið í skóla í og við höfuðborgarsvæðið eða á einhver tún sem í boði væru. Skólinn yrði sem sagt 4 sinnum á tímabilinu apríl – september og á tímabilinu október til mars yrði þá farið í þá skóla sem væru til í að leyfa okkur að halda svona dag (ég geri mér vonir um minnst 4-5 skipti) og hugsanlega væri ekkert verra að fá að vera um helgi og þá búið að auglýsa í viðkomandi skólum þennann viðburð.

Prógramið yrði sett upp þannig að krakkarnir myndu byrja á að læra réttu handtökin á æfingarsvæðinu auk öruggisreglna. Hver krakki myndi þá slá í smástund áður en þau fengju að fara og spila völlinn. Völlurinn gæti verið 3, 6 eða 9 holur en það færi alveg eftir plássinu sem að býðst í hvert skipti og er því ekkert til fyrirstöðu að spila 2-3 hringi og það er ekkert mál að setja upp slíkan völl. Tekur kannski sirka 30-45 mín fyrir þokkalega vanan einstakling að setja upp æfingarsvæðið og völlinn og væntanlega mikið fljótlega fyrir 2-3 ef þeir vinna saman. Einnig væri hægt að klæða leiðbeinanda eða einverjum af krökkunum upp í Sticky búningin og leyfa krökkunum að slá á lifandi target, en það er nánast hættulaust enda boltarnir mjúkur og í búningnum eru hlífar og hjálmur til að verja viðkomandi.




Ég tel að svona Golfgarður gæti skilað allt að 20 % aukningu á golfþróttini til lengri tíma. Þær tölur byggja ég á heimildum frá Snag Golf sem segja að í löndum eins og U.S.A, Ástralíu, Kanada, Skotlandi og Englandi að aukningin hafi verið í kringum 15 – 25 % á þeim svæðum sem svona garðar hafi verið settir upp eða farið í skólana og Snag Golf kynnt fyrir krökkum í leikfímistímum.

## Kostnaður

Kostnaðurinn er kannski ekkert svo svakalegur að mínu mati. Players pack eins og það er kallað kostar um 16.000 krónur með flutning, toll og vsk. Það sem er innifalið í Players Pack er sem sagt 1 launcher, 1 Roller, 1 motta, 1 flagsticky 3 boltar og taska undir kylfurnar.

Og kennara pakkinn sem inniheldur eftirfarandi dót: 1 Taska undir dótið, 12 RH launcherar, 2 LH launcherar, 8 Rollerar, 12 launchmottur, 4 Rollerrama(target), 2 Bullsey target, 4 Flagsticky (Target), 4 Snagazoo(kennslutæki), 4 Snapper(kennslutæki), 4 Snag O'matic, 16 Hoop Clocks (teigur og kennslutæki) 4 Rollerbrush(kennslutæki), kostar aðeins um 300.000 kr með flutning, toll og vsk. Og við þennan pakka myndi ég vilja bæta 2 LH Players Packs (aldur 7-11 og 11+), 6 RH Players Pack (2 4-7, 2 7-11 og svo 2 11+). Kaðla, krítar og bönd eru hægt að fá hér á landi fyrir lítinn pening.



Samkvæmt starfsmönnum Snag Golf er svo hægt að fá 17 % magnafslátt, sem að myndi draga verulega úr kostnaðnum.

Ég hef gert gróflega kostnaðaráætlun og lítur hún svona út:

Kaup á búnaði = 518.000 kr

- Kennslupakkinn = 315.000 kr
- Players Pakkinn = 128.000 kr
- Sticky gallinn = 53.000 kr
- Auka boltar = 22.000 kr
- Kaðlar fyrir vallarmörk = 25.000 kr

Auglýsingar og prentun = 70.000 kr

- Plaköt = 50.000 kr (fyrir Hönnun og Prentun) Nemendur sjá um að dreifa plakötum
- Prentun skorkorta (Snag Golf hefur búið til staðlað skorkort sem hægt er að prenta út)
- Mögulega er hægt að fá ókeypis fréttir í gegnum fjölmiðlana (dagblöð og netmiðlar)

Laun Kennara = 80.000 kr (fyrir árið) gróflega áætlað þ.s. ég veit ekki hver laun kennara skólans eru.

Leiga á aðstöðu = 0 kr (nú er ég að reikna með að við fáum að fara frítt inní skólana að vetri til og bæjarfélögin leyfi okkur að nota tún eða íþróttarvelli okkur að kostnaðarlausu að sumri til).

Samtals = 693.000 kr fyrir utan magnafsláttinn (rétt er að taka það framm að hér er átt við kostnað fyrir fyrsta árið) og í framhaldi af þessu yrði árlegur kostnaður sirka 100.000 kr – 150.000 kr. (laun kennara og auglýsingagerð) og sennilega einhver smá kostnaður við viðhald/eða skipta út búnaði sem hefur skemmst eða týnst.

Ekki er gert ráð fyrir því að leiðbeinendur fái greitt fyrir vinnu sína heldur fái þeir vinnuna metna inní námið og fengju einkunn eða einingar fyrir, alveg eftir mati kennara hverju sinni.

## **Tekjur**

Ég geri í raun ekki ráð fyrir því að krakkarnir þurfi að borga fyrir að koma og spila enda er það allra hagur ef að þau fengju áhuga á golfi og byrjuðu að spila. Beinarktekjur yrðu sennilega engar en óbeinarktekjur yrðu væntanlega Garðurinn skilar sér í aukningu kylfinga. Þá kæmu væntanlega inn einhverjar tekjur til GSÍ, golfklúbbana og meðlima PGA. Nýjir iðkendum þýða að sjálfsögðu að félögum innann GSÍ fjölgar sem eykur tekjur golfklúbbana og GSÍ og það þýðir væntanlega aukningu nemanda hjá kennurum PGA Iceland. Eins og ég sagði áður þá lít ég á þetta sem langtíma fjárfestingu.

## **Lokaorð**

Það er von mín og trú að Golfgarðurinn geti orðið að veruleika og muni skila sér í aukningu á framtíðarkylfingum til lengri tíma litið. Ég hafði alltaf hugsað þennann Garð sem ágætis tekjuleið en þegar lengra leið á hugmyndavinnuna þá áttaði ég mig betur á því að ástandið í samfélaginu sé þannig að ef rukkað yrði inn fyrir notkunina þá myndi það fæla frá og auk þess myndi kostnaður hækka vegna þess að yrði væntanlega krafist þess að Garðurinn myndi borga leigu fyrir aðstöðuna.

Með því að hafa þetta í þessu formi er hægt að halda kostnaðnum í lágmarki en fá tekjur inn seinna meir. Auk þess af viðtökur eru það góðar að þá er kannski hægt að krefjast lágs gjalds en það er kannski eitthvað sem verður að hugsa seinna meir þegar verkefnið er komið á þokkalegt rúll.

Ég hef þegar sannfært Golfclub Sellinghausen, sem er klúbburinn sem ég hef starfað sem kennari síðastliðin 2 ár um að setja upp svona Golfgarð og fara í nærliggjandi sveitarfélög og kynna golf með þessum hætti í skólum á næsta ári. Einnig hef ég rætt við unglinganefnd og yfirkennara Golfclub Lippstadt (Jón Halldór Garðarsson) um þetta og þeir hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Það eina sem á eftir að gera er að sannfæra stjórn klúbbsins um ágæti þess að fjölga yngri kynslóð golfara innan klúbbsins en þeir virðast eitthvað tregir til þess eins og er. En ef að það verkefni fer af stað þá yrði Golfgarðurinn settur upp í frístundargarði hérna í Lippstadt og haft opið 1-2 viku 2-3 klst í senn og myndi klúbburinn sem sagt notast við eldri unglinga og eða þjálfara klúbbsins til að kynna þetta fyrir gangandi vegfarendum ásamt því að heimsækja skólana þegar færi gefst.

Ég ætla mér að kynna þetta verkefni til GSÍ og PGA Iceland um leið og tækifæri gefst og ég trúi því að ég fái góðar viðtökur og verkefnið verði að veruleika enda áttum við okkur öll á mikilvægi þess að auka áhuga yngri kynslóðarinnar á golfi þar sem þau eru jú framtíðin.

**Með bestu kveðju**

**Björn Kristinn Björnsson**

**Heimildir**

[www.Snaggolf.com](http://www.Snaggolf.com)

[www.Snageurope.com](http://www.Snageurope.com)

[www.Snagcanada.com](http://www.Snagcanada.com)

[www.tenngolf.co.uk](http://www.tenngolf.co.uk)

**Roger Eldergill - Head of Sales - Snag Europe - email og símasamskipti**